**SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA**
Háaleitisbraut 11, pósthólf 8100, 128 Reykjavík
✆ 354-(9)1-813711, telefax 354-(9)1-687866

Alþingi
Erindi nr. Þ 117/1287
komudagur 8/12 1993

Sam 412/1993 ÞS/ÁT

Reykjavík, 6. desember 1993

***Umsögn um frumvarp til laga um fjöleignarhús***

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 3. des. sl. var m. a. tekið fyrirbréf félagsmálanefndar Alþingis, dags. 9. nóvember 1993, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um fjöleignahús (143. mál).

Eftirfarandi umsögn var samþykkt:

"Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarp til laga um fjöleignarhús. Í 17. grein kemur fram að félagsmálaráðherra muni síðar setja reglugerð með nánari reglum um eignarskiptayfirlýsingar, svo sem um teikningar, uppdrætti og stærðarútreikninga. Í byggingarreglugerð frá 1. júlí 1992 eru ýmis ákvæði varðandi þetta efni. Stjórnin bendir á að nauðsynlegt er að samræming sé milli ákvæða í reglugerðum varðandi öll þesshátter atriði."

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Þórður Skúlason

Þórður Skúlason, framkvstj.

Félagsmálanefnd Alþingis
b.t. Rannveigar Guðmundsdóttur,
formanns,
Alþingi,

150 REYKJAVÍK